



FÉL323

Haust 2011 Verkefni 8

**Menningarkimarannsókn eða mannfræðileg úttekt á eigin samfélagi. (gildir 24% af námsmati annar).
Skil í lok annar.**

Markmið:

Markmið verkefnisins er að nemendur beiti þátttökurannsóknaraðferð mannfræðinnar á umhverfi sitt, geti greint undirliggjandi kerfi í menningunni, eitthvað sem bara er og enginn meðlima efast um að sé rétt.

Dæmi um menningarkima: Þjóðarbrott inna Íslands, trúfélög, íþróttafélög, unglingar, bíladelluklúbbar, gengi, fótboltaáhugamenn, mótorhjólaklúbbar, þjóðernissinnar, hestamenn, hópar innan FSu, akademíur, svæði, kórar, fangar, svo eitthvað sé nefnt.

Vinnulag:

- Verkefnið má vinnast sem einstaklings, para eða 3-4 í hóp. Ef hópur þá þarf nákvæmari lýsingu og myndrænni framsetningu.
- Valinn er menningarkimi til rannsóknar og hann skoðaður innan frá ef hægt er eða í gegnum lýsingu þriðja aðila. Þegar mannfræðingur kemur á vettvang er það markmið að greina hugmyndakerfi meðlima með því að skoða, hlusta og reyna að skilja upplifanir þeirra.
- Eftirtaldir þættir þurfa að koma inn í umræðuna: (Lesið einnig vandlega matskvarðann hér á næstu blaðsíðu).
 - Kynning á menningarkimanum sem valinn var til rannsóknar; bakgrunnur, einkenni, hefðir og venjur, staður, aðstæður.
 - Lýsing á samtölum meðlima, hugmyndum þeirra og upplifunum/lýsingu á hegðun fólksins. Atburðum og hvaða merkingu þeir hafa fyrir meðlimi menningarkimans. Athöfnum fólks og hvernig rannsakandi tók þátt í þeim.
 - Ykkar niðurstöður; er hægt að greina mynstur í menningunni, sérkennilegar hugmyndir, “sjálfgefna staðreyndir”.
- Verkefni skilast á því formi sem fellur best að viðfangsefninu, t.d. sem skýrslu í word með myndum eða myndböndum til að hjálpa til við að lýsa aðstæðum,

Matskvarði

Lýsing á aðstæðum, af hverju þessi hópur, hvar og hvenær 20%

Lifandi lýsing, krydduð með myndum eða lifandi lýsingu á aðstæðum og upphaflegum hugmyndum um hópinn..	A B C D E	Mjög takmörkuð lýsing, engar myndir.	F Þessum lið sleppt.
--	-----------	--------------------------------------	-------------------------

Dæmi um atburðarás, venjulega hegðun 20%

Lifandi lýsing á hefðbundinni hegðun hópsins við hefðbundnar aðstæður, frásögn eingöngu lýsandi og nokkuð nákvæm,	A B C D E	Þurr og jafnvel hlutdræg lýsing á hegðun, hlaupið yfir atburðarás á hundavaði	F Þessum lið sleppt.
---	-----------	---	-------------------------

Dæmi um samtöl 20%

Nákvæm lýsing á samtölum innan hóps sem vekja áhuga, þ.e. umræðuefni sem telst lýsandi fyrir þennan hóp	A B C D E	Takmörkuð lýsing á samtölum, orð og orð á stangli.	F Þessum lið sleppt.
---	-----------	--	-------------------------

Dæmi um tákni sem hópurinn notar 10 %

Skýrt dæmi um eitthvert tákni, hegðun, handahreyfingu, bros, faðmlag, merki, fána, sem er sérstakt fyrir þennan hóp.	A B C D E	Merkið sem lýst er gæti átt við flesta aðra í samfélaginu, ekkert sem sker sig úr	F Þessum lið sleppt.
--	-----------	---	-------------------------

Helstu niðurstöður teknar saman 20 %

Sér kafli í verkefni þar sem niðurstöður eru greindar, bent á hvað gerir hópinn sérstakan, bent á einhver mynstur í hegðun sem eru einstök.	A B C D E	Nánast ekkert tekið saman í endann, ekki sér kafli um niðurstöður.	F Þessum lið sleppt.
---	-----------	--	-------------------------

Frágangur 10 %

Skýrsla unnin á hreinlegan og myndrænan hátt. Forsíða og skipt niður í undirkafli. Málfar gott.	A B C D E	Skýrsla unnin í belg og biðu, ekki skipt í undirkafli, málfar dapurlegt, mikið af innsláttarvillum eða málvillum.	
---	-----------	---	--

Skil

Verkefni skilað á réttum tíma	A B C D E	Verkefni kemur seint og um síðir. Dráttur á skilum lækkar einkunn um 1 heilan fyrir hverja viku.	-6% af áfanga í heild ef verkefni er ekki skilað
-------------------------------	-----------	--	---